



FUNDARGERÐ

248. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði fimmtudaginn 24. janúar 2019, kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Skúli Björnsson, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum var fjarverandi Björg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður stýrði fundi.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

a) *Umsóknarferli vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýtt hreinsivirki og útrás í fráveitu er lokið.* Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Von er á niðurstöðu Skipulagsstofnunar í byrjun febrúar.

b) *Lögregluskýrsla vegna vatnsaga í desember við hús Frímúrara við Tjarnarás 6, Egilsstöðum.* Framkvæmdastjóri veitti upplýsingar um málið.

c) *Vök Baths – áfangi 2.*

Framkvæmdastjóri greindi frá framkvæmdum tengdum Vök Baths.

Um 50% af verktíma í áfanga 2 er lokið.

d) KPMG er að vinna í ársreikningi HEF.

e) *Ísland ljóstengt.*

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðunni varðandi Fljótsdalshérað.

f) *Lóðamál vegna hreinsivirkis.*

Í vinnslu.

g) *Lóðamál v/lagerhús HEF við Valgerðarstaði.*

Framkvæmdastjóri greindi frá hugmyndum að breytingu og tilfærslu á lóðamörkum lóðar HEF við Valgerðarstaði. Í vinnslu.

2. Önnur mál

a. *Meðferð gagna og trúnað á þeim.*

Formanni og framkvæmdastjóra falið að áréttu meðferð gagna og trúnað á þeim með bréfi til stjórnar og varastjórnar.

b. Stjórnarfundir.

Framkvæmdastjóri bar fram tillögu um að stjórnarfundir verði að venju einu sinni í mánuði, annan fimmtudag og fundargögn send út í síðasta lagi fyrir hádegi á mánudegi fyrir fund. Eftir þörfum verði boðað til aukafunda með að jafnaði 2ja til 3ja daga fyrirvara.

Skúli Björnsson bar fram tillögu um að stjórnarfundir verði tvisvar í mánuði.

Tillaga Skúla var felld. Atkvæði fóru þannig 1 með, 3 á móti og einn sat hjá.

Tillaga framkvæmdastjóra var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:30.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.